

Skýringar á einstökum lið yfirlits FÁST yfir einstök kaup yfir 1 m.kr.

Til: Innkaupa- og framkvæmdaráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Heimildir til kaupa á innréttingum

Óskað hefur verið eftir frekari skýringum frá fjármála- og áhættustýringarsviði varðandi einstaka lið yfirlits yfir einstök kaup sem lagt var fram á 27. fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs. Fyrirspurnin varðaði Syrusson hönnunarhús undir vörukaup og var orðuð eftirfarandi:

„Óskað er eftir að Fjármála- og áhættustýringarsvið skili frekari skýringu á því hvaða heimildir voru til staðar á kaupum á innréttingum við Syrusson hönnunarhús. Lögð er fram sú skýring að hann sé eini seljandi með sambærilega vöru, það vantar nánar skýringu hvernig sú niðurstaða var fengin, ásamt vísun í innkaupreglur á hvaða grundvelli. Einnig vantar upplýsingar um það hvort umrædd upphæð sé með eða án vsk. í yfirlitinu.“

Á yfirlitinu var umrædd fjárhæð vegna kaupa á vörum frá Syrusson í desember 2020 tilgreind með virðisaukaskatti, fjárhæðin er 4.944.239 án virðisaukaskatts. Fjárhæð vegna beinna vörukaupa var 4.733.387 kr. án vsk., uppsetning vöru nam 179.400 kr. án vsk. og akstur með vörur 31.452 kr. án vsk.

Kaupendur gerðu þarfagreiningu og samanburð á markaði. Um er að ræða svokallaða hljóðdempandi símaklefa og þurftu þeir að uppfylla ákveðin skilyrði svo sem að passa inn í það rými sem þeim var ætlað að vera í, uppfylla ákveðin skilyrði um hljóðvist og fl. Þegar farið var að kanna þá kosti sem voru í boði þóttu klefarnir frá Syrusson þeir sem hentuðu best miðað við þarfir kaupanda. Má þar nefna meðal annars hversu lítið pláss þeir taka en rými skrifstofunnar er takmarkað. Þá þykja þeir henta vel hvort heldur sem er sem símaklefar en einnig vegna funda en hver klefi tekur tvær manneskjur í sæti. Ekki reyndist mikið úrval af þessari stærð og gerð klefa.

Kaupandi telur sig hafa farið eftir 14. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar í samræmi við viðmiðunarfjárhæðir sem eru í þessu tilfelli undir verðfyrirspurnarmörkum sem eru núna 5.000.000 kr. án vsk. Fjármála- og áhættustýringarsvið skilur að skýringar á yfirliti mættu vera skýrari, og hefur því yfirlitið verið uppfært með tilliti til þessa og fylgir með svarbréfi þessu.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*